

Umgengni og virðing við grenndarskóginn (II)

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að vekja nemendur til umhugsunar um umgengni við grenndarskóg. Að nemendur læri að bera virðingu fyrir tilfinningum annarra og umhverfi sínu. Þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi.

Námsgreinar: Samfélagsfræði, íslenska, leiklist og lífsleikni.

Aldur: Yngsta stig og miðstig.



VERKLÝSING

Á fundinum er ákveðið að fá skóginn til baka. Hvernig gerum við það?

Kennari fer í hlutverk stærsta trésins og nú eiga þorpsbúar að koma og telja stærsta tréð og hin trén í skóginum til að fara ekki þaðan. Nemendur eru í þeim hlutverkum sem þeir ákváðu á þorpsfundinum, tveir og tveir saman og ákveða hvernig þeir ætli að fá trén ofan af því að fara. Nemendur verða að ákveða hver segir hvað, hvernig þeir noti röddina og hvernig þeir noti líkamann til að sýna eftirsjá og iðrun. Síðan reyna hóparnir hver á eftir öðrum að fá skóginn til hætta við að fara. Kennari situr fyrir svörum í hlutverki trésins og getur komið með spurningar á móti sem gera nemendum erfitt fyrir og krefjast rökstuðnings. Að lokum er þó mikilvægt að þeim takist að telja skóginn á að vera kyrr.

Hugrenningar og mat: Kennari biður nemendur að setja sig í spor trésins. Hvað er það að hugsa? Er það að velta fyrir sér hvort þorpsbúar hafi lært af þessu öllu? Hvort þeir séu nú orðnir meira vakandi fyrir umhverfi sínu? Eða er það vonsvikið, leitt og sárt? Nemendur loka augum og segja eitt af öðru hvað þeir lærðu af þessu verkefni, t.d. að hugsa vel um landið okkar, virða náttúruna og nota ruslafötur.

Heimleið: Á heimleiðinni ganga nemendur hljóðlega og fara í spæjaraleik. Í honum á að safna þeim hljóðum sem heyrast á heimleiðinni. Með þessu móti verða nemendur meðvitaðari um umhverfi sitt. Þegar heim er komið eru hljóðin skráð.

Söngur: Þegar heim er komið er búið til lag um skóginn, æft og sungið.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Vinnist með verkefnablaðinu „Umgengni og virðing við grenndarskóginn (I)“ hér í verkefnabankanum.

Hugmynd fengin og staðfærð úr „Leiklist í kennslu“.